



## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

### Aðlögun námsefnis og hugtakalæsi

Fjölbautaskólinn í Breiðholti

Nóvember 2013

No: 47. 2012-2013

## **Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu i kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Helsti ávinningur af verkefninu er gerð hugtakalista í félagsfræði með hugtökum sem nemendur hafa átt erfitt með. Hugtakalistinn og myndefnið auðveldar erlendum nemendum að skilja flókið efni. Ávinningsurinn er einnig til lengri tíma því hugtakalistinn er hugsaður til framtíðar og verður lifandi á netinu. Hann verður stöðugt betrumbættur. Hugtakalistinn er góð viðbót við námsefnið og getur mögulega minkað fall nemenda í félagsfræði. Hugtakalistinn og myndskýringarnar eru gerð út frá þeirri bók sem kennd er í félagsfræði 103 í FB og er hugtökum raðað eftir köflum. Markmiðið er að endurhanna listann út frá fleiri námsbókum í félagsfræði og raða hugtökum eftir stafrófsröð. Þannig væri hægt að nota listann sem uppflettirit í allri félagsfræðikennslu í öllum framhaldsskólum. Verkefnið ætti einnig að geta nýst íslenskum nemendum sem eiga erfitt með að tileinka sér umfangsmikið og erfitt lesefni.

### **Dæmi úr hugtakalista í félagsfræði:**

**Launamisrétti:** Þegar fólk sem vinnur sömu störf fær ekki sömu laun. Misrétti þýðir eitthvað sem er ekki rétt og í þessu mismunur á launum. *Dæmi: Jón og Gunna vinna sama starf í Bónus. Jón fær 300. þúsund á mánuði í laun en Gunna fær 200. þúsund fyrir sömu vinnu.*



**Eingifti** - Maður á eina eiginkonu – kona á einn eiginmann



**Fjölkvæni** - Karlmaður á margar eiginkonur



**Fjölder** - Kona á marga eiginmenn

## **Leiðir sem valdar voru að markmiði í heilbrigðisfræði**

Markmið áfangans var að hanna hugtakalista, skoða myndrænt efni og fara í heimsóknir í stofnanir sem tengjast heilsu og heilbrigði. Meginmarkmiðið var að nemendur fái almenna þekkingu og skilning á orðum og hugtökum sem tengjast áföngum í námi á heilbrigðissviði. Ennfremur að nemendur öðlist leikni við að greina veikleika sína og styrkleika með tilliti til náms á sviðinu. Einnig að nemendur verði læsir á upplýsingar og efni sem tengist áföngum á heilbrigðissviði og geti rætt um eigið heilbrigði. Í heilbrigðisfræði var boðið upp á sérsniðinn áfanga HBF193 en í þeim áfanga var unnið með hugtök og aðlögun námsefnis. Nemendur fóru í vettvangsheimsóknir sem þeir undirbjuggu sjálfir. Nemendur byrjuðu á því að kynna sér starfsemina áður með því að skoða heimasíður. Unnið var með orð og hugtök sem tengdust heimsókninni. Nemendur undirbjuggu spurningar fyrir vettvangsferðirnar sem þeir notuðu í heimsókninni. Nemendur gerðu ferðadagbók var eftir hverja heimsókn, hvað höfðu þeir lært og hvað kom á óvart. Nemendur voru alltaf með litla glósubók sem þeir skrifuðu niður orð sem

## **Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu i kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Nauðsynlegt er að erlendir nemendur geti leitað eitthvert eftir útskýringum þar sem mörg orðanna eru ekki í orðabókum á þeirra tungumáli. Einnig virðist bein þyðing orðanna ekki vera nóg. Það er hvetjandi fyrir erlenda nemendur og veitir þeim öryggi í að velja og stunda nám í náttúrfræðigreinum. Listinn getur auðveldlega nýst íslenskum nemendum sem eiga í vanda með hugtakaskilning. Verkefnið er yfirgripsmikið og er ef til vill einungis byrjun á áframhaldandi vinnu með hugtakaskilning erlendra nema. Vonast er eftir því að listinn verði lifandi í þeim skilningi að hægt sé að bæta skýringar, bæta við orðum, myndum og fleiru.


### **Dæmi úr hugtakalistu:**

**Fálmarí** er hluti af lífveru eins og skordýri.

Kemur út úr höfðinu á skordýrinu - notar til að nema efni (finna lykt)



### **Fjölfætla**



Flokkur í fylkingu liðdýra.

Margfætlur og þúsund fætlur eru margfætlur

**Leiðir sem valdar voru að markmiði í rafmagnsfræði**

Meginmarkmið í rafmagnsgreinum var að auðvelda nemendum skiling á grundvallarhugtökum og lögmálum rafmagnsfræðinnar. Valin var sú leið að velja hugtök og orðasambönd úr námsefni sem reynast nemendum flókin. Útskýra þau með orðum og myndum. Hugtökin eru flokkuð eftir önnum þannig að nemendur geta flett upp í hugtakasafninu eftir því hvar þeir eru staddir í námi.

### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Verkið er tímafrekara en áætlað var í upphafi þannig að við urðum að grípa til þess ráðs að einbeita okkur að einni önn í einu. Lokið hefur verið við vinnu fyrir fyrstu önn í rafmagnsfræði.

### **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Helstu hindranir eru þær að verkið var mun viðameira en við áttum von á og stærra í sniðum eftir því sem á leið. Núna erum við að velta fyrir okkur frágangi hugtakasafns fyrstu. annar og viljum hafa það rafrænt. Hugmynd okkar er að notendur geti auðveldlega flett upp orðum og fengið upp útskýringar og myndir.

## **Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu i kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Núna er til safn hugtaka sem nýtist vel en þó vantar útskýringar á mörg hver.

Verkefnið er einstaklega þarf og nauðsynlegt að ljúka því. Orðaforði íslenskra sem erlendra nemenda er afar einsleitur og virðast nemendur þurfa mikla hjálp.

## Náðust markmiðin?

Markmiðin náðust miðað við breyttar forsendur varðandi upphæð styksins sem var 1.5 milljónir en sótt var um 3 milljónir. Vonir standa til að getað sótt um styrk aftur til að til að ljúka verkinu.

## Niðurstöður verkefnisins

Verkefnið er mjög mikilvægt og þarf og niðurstaða okkar er sú að mjög vel hafi tekist og afraksturinn muni efla skólastarf og kennslu innflytjenda til muna. Hugtakalistar og aðlögun námsefnis mun verða tiltækta á vefnum og á svæði skólans og mun nýast einnig öllum nemendum öðrum sem eiga í námsörðugleikum eða eiga erfitt með íslenskuna.

## Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum


Verkefnið og niðurstöður þess verða kynntar á kennarafundi og á heimasíðu skólans. Einnig hafa niðurstöður verið kynntar fagfélögum eins og Rafiðnaðarsambandinu.


## Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Í tveimur af þessum námsgreinum, félagsfræði og heilbrigðisfræði var samhliða hönnun námsefnis boðið upp sér áfanga fyrir nemendur á innflytjendabraut þar sem námsefnið og hugtakalistar og aðlögun námsefnis var kynnt og tilraunakennt. Í náttúrufræði og rafmagnsfræði var nemendum boðið upp á tilraunakennslu í smærri hópum ásamt því að vera í almennum áfanga með íslenskum jafnöldrum.

## Rekstrarreikningur meðfylgjandi

Reykjavík 8. nóvember, 2013

  
Ágústa Unnur Gunnarsdóttir, verkefnistjóri

  
Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari FB